

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 295/1996.

Ákærvaldið(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn**Kristjáni Haukssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Frávísun máls frá Hæstarétti. Áfrýjun. Mannréttindasáttmáli Evrópu.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Eiríkur Tómasson prófessor.

Ríkissaksóknari og ákærði skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1996. Krefst ákærvaldið staðfestingar á sakfellingu ákærða og að refsing hans verði þvingd.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins í málinu.

Héraðsdómur var kveðinn upp 8. maí 1996. Í þingbók er skráð, að ákærði og verjandi hans hafi sótt dómþing og dómur þá verið birtur.

Meðal málskjala er símbref verjanda ákærða fyrir Hæstarétti 22. maí 1996, sem stílað er á héraðsdómarann í málinu og sent í símbrefanúmer Héraðsdóms Reykjavíkur. Er þar lýst yfir áfrýjun málsins og að krafist verði sýknu. Er vísað til 149. gr. og 1. mgr. 153. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Enn fremur liggur fyrir bréf frá skrifstofu verjanda ákærða 24. júlí 1996 til vararíkissaksóknara. Er þar vísað til samtals verjanda og vararíkissaksóknara, sem farið hafi fram degi fyrr, og að með bréfinu fylgi ljósrit af áður nefndu bréfi verjanda til Héraðsdóms Reykjavíkur frá 22. maí 1996. Í áfrýjunarstefnu er ekki vísað til yfirlýsingar ákærða um áfrýjun málsins með öðrum hætti en að hann hafi „óskað áfrýjað til sýknu, sbr. 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19, 1991 . . .“.

Í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, svo sem henni var breytt með 11. gr. laga nr. 37/1994, er sú óundanþæga regla, að ákærði verði að lýsa yfir áfrýjun héraðsdóms innan fjögurra vikna áfrýjunarfrests í bréflagri tilkynningu til ríkissaksóknara. Bréflagri tilkynningu um áfrýjun var ranglega beint til héraðsdómara, og gögn málsins staðfesta, að hún hefur ekki borist ríkissaksóknara fyrir en 24. júlí 1996. Var þá

löngu liðinn sá frestur, sem getur í 2. mgr. 151. gr. laga nr. 19/1991, til að beina yfirlýsingu um áfrýjun til ríkissaksóknara. Þá var einnig liðinn frestur ákærvaldsins til áfrýjunar af sinni hálfu samkvæmt 152. gr. sömu laga, sbr. 12. gr. laga nr. 37/1994.

Við munnlegan flutning málsins vísaði verjandi ákærða til 2. gr. samningsviðauka nr. 7 við samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. lög nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu, sem hann taldi tryggja ákærða rétt til að fá héraðsdóm í málinu endurskoðaðan fyrir Hæstarétti. Um þetta atriði er til þess að líta, að í síðari málslið 1. mgr. ívitnaðrar greinar segir, að um beitingu réttar dómfellds manns til að leita endurskoðunar dóms skuli gilda löggjöf, þar á meðal um tilefni þess, að beita megi. Samkvæmt þessu samrýmist það fyllilega umræddu ákvæði, að settar séu reglur í lögum um áfrýjunarfrest og hvernig staðið skuli formlega að áfrýjun, svo og, að það varði frávísun, ef út af þeim reglum er brugðið.

Samkvæmt framansögðu leiði sá annmarki á áfrýjun málsins, sem áður er lýst, til þess, að málinu verði sjálfkrafa vísað í heild frá Hæstarétti.

Gögn málsins báru með sér, að frestir væru liðnir til að áfrýja héraðsdómi í því til Hæstaréttar. Þrátt fyrir það áfrýjaði ákærvaldið málinu af sinni hálfu, þótt til þess væru ekki skilyrði, og gerði kröfur um efnishlið þess, en ekki frávísun frá Hæstarétti. Í því ljósi þykir rétt að leggja allan kostnað af áfrýjun málsins á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Allur sakarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.